

Kópavogi, 26. apríl 2024
2208460/308.00 AKB

Efni: Erindi frá Ragnari Guðmundssyni

Ég vil leggja til að Jafnréttis og mannréttindaráð afli upplýsinga sem varða persónubundin málefni og réttindi barna, fatlaðra einstaklinga, starfsmanna og íbúa bæjarins. Starfsmanni ráðsins verði falið að afla eftirfarandi upplýsingar:

1. Afrit af persónuverndarreglum varðandi þau tæki og þann hugbúnað sem Kópavogsbær útvegar nemendum grunnskóla og starfsfólki bæjarins.
2. Afrit af reglum um meðferð upplýsinga er varðar persónuleg málefni íbúa bæjarins.
3. Afrit af efni frá sjálfstæðum félagasamtökum sem notað er í grunnskólum Kópavogs.

Þá legg ég til að starfsmanni ráðsins verði falið að taka saman fáanlegar upplýsingar um umfang kynbundins ofbeldis með áherslu á hverjir verði fyrir slíku ofbeldi t.d. eftir aldri, kyni, fötlun og uppruna. Einnig verði aflað upplýsingar um gerendur útfrá sambærilegri flokkun. Með vandaðri upplýsingaöfnun og greiningu má tryggja enn betur forvarnir.

Ég hef fylgst aðeins með sveitarstjórnarmálum í Vík í Mýrdal og er starfsemi enskumælandi ráðs. Ég hef rætt við sveitarstjóra um þetta og árangur virðist mjög góður. Nýverið ákvað Byggðastofnun að verðlauna þetta framtak.

Ég legg til að starfsmanni jafnréttis- og mannréttindaráðs verði falið að afla upplýsinga um starf Enskumælandi ráðs í Mýrdalshreppi. Starfsemi sem þessi er jákvætt skref varðandi inngildinguna fólks af erlendum uppruna.

Virðingarfyllst,

Auður Kolbrá Birgisdóttir
Lögfræðingur velferðarsviðs